

Vikufréttir

Vika 44 (29.10. – 2.11. 2018)

Mánudagur

- ✓ Elín Kristjánsdóttir námsráðgjafi með MB kynningu hjá 10.bekk kl. 10:00
- ✓ Október er mánuður myndlistar. Samband íslenskra myndlistamanna og Menntamálaráðuneytið bjóða skólum að fá myndlistarmenn í heimsókn. Grafíklístakonan Anna G. Torfadóttir mun heimsækja myndmenntahóp 9. og 10. bekkja. Hún mun kynna og sýna verk sín og ræða um myndlist við nemendur kl. 12:10
- ✓ Tónmennt fellur niður í dag
- ✓ Samráðsfundur stjórnenda og fræðslustjóra

Þriðjudagur

- ✓ Tónmennt fellur niður í dag
- ✓ Þemadagur í unglingadeild. Nemendum úr 8., 9. og 10.bekk er blandað saman í hópa og vinna þeir að verkefni sem nær yfir allan daginn
- ✓ Landshlutfundur Skóla á grænni grein, Grunnskóla Snæfellsbæjar, Lýsuhóli kl. 12:30.
- ✓ Hrekkjavökuball fyrir yngsta- og miðstig (sjá baksíðu)

Miðvikudagur

- ✓ Tónmennt fellur niður í dag
- ✓ Ingvar Sigurðsson kemur og ræðir við kennara um teymiskennslu

Fimmtudagur

- ✓ Vetrarfrí

Föstudagur

- ✓ Vetrarfrí

Annað:

Mánudaginn 5. nóvember er vetrarfrí hjá nemendum en starfsdagur hjá kennurum.

Nú er orðið kaldara í veðri og því viljum minna foreldra á að láta börn taka með sér fatnað við hæfi. Hlýrri föt og einnig vatnsheld þegar það á við. Muna eftir húfum og vetlingum. Einnig viljum við enn og aftur ítreka það að fatnaður sé merktur nafni barnsins þannig að auðveldara sé að koma flíkunum til skila ef þær gleymast.

Að gefnu tilefni skal áréttað að ef nemendur þurfa **leyfi í fleiri en tvo daga í röð** þá skal sækja um það skriflega til skólans. Skráning foreldra á fjarvistum nemenda í Mentor á einungis við ef um veikindi er að ræða.

Sjá eyðublað http://grunnborg.is/Files/Skra_0001669.pdf

Hrekkjavökuball!

Nemendafélag Grunnskólans í Borgarnesi heldur hrekkjavökuball fyrir nemendur á yngsta- og miðstigi þriðjudaginn 30. október.

Ballið fer fram í félagsmiðstöðinni Óðali

**Yngsta stig, 1. – 4. bekkur
klukkan 15:00 – 16:00**

**Miðstig, 5. – 7. bekkur frá
klukkan 17:00 – 18:30**

Farið verður í marga skemmtilega leiki

Ath. sjoppa verður ekki opin en foreldrafélagið býður uppá bland í poka og svala

**ALLIR AÐ MÆTA Í
HREKKJAVÖKUBÚNINGUM!**



Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir